

B 328/presidiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Forsætisnefndin Nefndarálit forsætisnefndar um  
**ráðherranefndartillögu**  
**um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2020**

**Tillaga**

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

*att að hún sjái til að fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar verði í auknum mæli í takt við framtíðarsýnina um að Norðurlönd verði sjálfbærasta svæði heims innan tíu ára*

*att að hún leggi framvegis sérstaka áherslu á norrænar aðgerðir gegn vaxandi sýklalyfjaónæmi*

*að hún leggi sérstaka áherslu á einkaréttarlegt samstarf á Norðurlöndum í samræmi við skýrslu Lorange Backer*

*att að hún ráðstafi 200 þúsundum danskra króna til að styrkja norrænt samstarf um samræmingu og einföldun á reglum í byggingariðnaði og efla sjálfbæra mannvirkjagerð*

*att að hún eyrnamerki kennslugáttinni Norðurlönd í skólanum 1 milljón danskra króna af fjárveitingum Sambands norrænu félaganna (FNF) á fjárhagsáætlun ráðherranefndar samstarfsráðherranna og 0,3 milljónir danskra króna af fjárhagsáætlun ráðherranefndar um menntamál og rannsóknir. Auk þess má taka fram að samkvæmt áætlaðri fjárhagsáætlun vegna ársins 2020 er þess vænst að FNF leggi sjálft til 0,2 milljónir danskra króna til viðbótar við stofnanaframlag Norrænu ráðherranefndarinnar. Þetta verður til þess að 1,5 milljónir danskra króna renni til Norðurlanda í skólanum.*

**Bakgrunnur**

Forsætisnefndin kynnti megináherslur Norðurlandaráðs vegna fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar 2020 á fundi nefndarinnar með formanni MR-SAM, samstarfsráðherranna, Sigurði Inga Jóhannssyni, hinn 22. janúar í Reykjavík.

Áhersluatriðin voru sem hér segir:

- Stjórnsýsluhindranir
- Dreifitálmun



- Tungumál / Norðurlönd í skólanum
- Stafvæðing
- Starfsréttindi

### Umsagnir

Tillaga ráðherranefndarinnar að fjárhagsáætlun hefur verið í umsagnarferli hjá flokkahópum og nefndum Norðurlandaráðs. Með hliðsjón af tillögum nefndanna og innsendum breytingartillögum flokkahópanna samþykkti forsætisnefndin 3. september í Helsingfors eftirfarandi fimm breytingartillögur við tillögu Norrænu ráðherranefndarinnar að fjárhagsáætlun:

- að hún sjái til að fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar verði í auknum mæli í takt við framtíðarsýnina um að Norðurlönd verði sjálfbærasta svæði heims innan tíu ára
- að hún leggi framvegis sérstaka áherslu á norrænar aðgerðir gegn vaxandi sýklalyfjaónæmi
- að hún leggi sérstaka áherslu á einkaréttarlegt samstarf á Norðurlöndum í samræmi við skýrslu Lorange Backer
- að hún ráðstafi 200 þúsundum danskra króna til að styrkja norrænt samstarf um samræmingu og einföldun á reglum í byggingariðnaði og efla sjálfbæra mannvirkjagerð
- að hún ráðstafi 1,5 milljónum danskra króna af fjárveitingum til kennslu og rannsókna til fjármögnunar á kennslugáttinni Norðurlönd í skólanum

Formenskulandið átti samningafund með formanni samstarfsráðherranna hinn 7. október í Kaupmannahöfn þar sem báðir aðilar urðu sammála um málamiðlunartexta varðandi breytingartillögurnar fimm.

Niðurstaðan varð að fjórar af breytingartillögum ráðsins standa óhaggaðar. Orðalagi fimmtu breytingartillögunnar var breytt en fjöldinn helst óbreyttur.

### Sjónarmið nefndarinnar

Ekki hefur farið fram hjá forsætisnefndinni að nokkur af helstu forgangsmálunum tóku jákvæða stefnu eftir fund nefndarinnar og formanns samstarfsráðherranna í janúar.

Forsætisnefndin veitir því eftirtekt að hreyfanleiki/stjórnsýsluhindranir og stafvæðing eru tvö af þremur áhersluatriðum ráðherranefndarinnar í tillögunni að fjárhagsáætlun hennar fyrir árið 2020 sem Paula Lehtomäki, framkvæmdastjóri ráðherranefndarinnar, lagði fram í byrjun júní og kynnti fyrir nefndarmönnum forsætisnefndarinnar hinn 25. júní í Helsingborg.

Að því er varðar dreifitálmun vekur athygli forsætisnefndarinnar að Norræna ráðherranefndin hefur á vormánuðum tekið saman skýrsluna *Nordisk tv på tværs af grænser (Norrænt sjónvarp þvert á landamæri)* samkvæmt tilmælum Norðurlandaráðs nr. 31/2017 um *afnám lokunar höfundaréttarvarins efnis eftir svæðum*. Norræna



Þekkingar- og menningarnefndin fjallaði um skýrsluna á fundi sínum í apríl og hefur tileinkað sér upplýsingarnar í henni.

Forsætisnefndin er sér meðvituð um hvað starfsréttindin snertir að viðurkenning á menntun og starfsréttindum er meðal helstu stuðningsaðgerða í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um hreyfanleika 2019–21 sem Eva Kjer Hansen samstarfsráðherra sagði undan og ofan af á vörpingi Norðurlandaráðs hinn 9. apríl í Kaupmannahöfn.



Forsætisnefndin er meðvituð um að þingmannatillaga um gagnkvæma viðurkenningu á menntun og starfsréttindum á hliðstæðum starfssviðum fái lokaafgreiðslu á 71. þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í október. Þess vegna leggur forsætisnefndin ekki til neinar sérstakar breytingar á fjárhagsáætluninni á þessum tímapunkti viðvíkjandi starfsréttindum.

Vegna þeirrar grundvallarþýðingar sem afnám stjórnsýsluhindrana hefur fyrir norrænt samstarf mun forsætisnefndin þó halda fast við áherslur sínar varðandi stjórnsýsluhindranir á nokkrum öðrum mikilvægum sviðum. Tilgangurinn er að halda áfram að vinna að bættum skilyrðum fyrir íbúana og fyrirtækin á Norðurlöndum en það styður við framtíðarsýn norrænu forsætisráðherranna frá árinu 2016 um að Norðurlönd eigi að vera samþættasta svæði heims.

Forsætisnefndin telur að gagnkvæmur tungumálaskilningur sé afar mikilvægur frjálsu flæði á Norðurlöndum. Því leggur forsætisnefndin til að fjárhagsáætluninni verði breytt þannig að kennslugáttinni Norðurlönd í skólanum verði tryggð fjárveiting. Ráðherranefndin lét meta verkefnið Norðurlönd í skólanum á árunum 2017–18 og er talið að það sé mikilvægt, notendavænt og skapi norrænt notagildi. Þá fékk kennslugáttin verðlaun ráðherranefndar samstarfsráðherranna árið 2011 fyrir þróun hugmyndar sem eflir skilning á nágrannamálunum dönsku, norsku og sænsku fyrir börn og ungt fólk alls staðar á Norðurlöndum.

Annað mikilvægt svið þegar kemur að afnámi stjórnsýsluhindrana sem forsætisnefndin vill huga betur að er löggjafarsamstarfið og þá fyrir hvatningu úr skýrslu þeirri sem Inge Lorange Backer, prófessor emeritus, samdi að beiðni ráðherranefndarinnar. Norðurlandaráð samþykkti í apríl tilmæli 3/2019 og 4/2019 um að fella ákveðnar tillögur inn í skýrsluna en forsætisnefndin vill gera þörfinni á norrænu löggjafarsamstarfi hátt undir höfði með almennari hætti og láta þess sjást merki í fjárhagsáætluninni.

Þriðja sviðið sem forsætisnefndin vill leggja áherslu á vegna óæskilegra stjórnsýsluhindrana er byggingargeirinn. Aukakostnaður vegna nýbygginga alls staðar á Norðurlöndum sem telja má að misræmi í byggingarreglum landanna valdi er varlega áætlaður 820–1230 milljónir danskra króna. Norræna nýsköpunarmiðstöðin komst að þessu við mat á samfélagskostnaði sem hlýst af mismunandi byggingarreglum í norrænu löndunum. Forsætisnefndin er þeirrar skoðunar að fyrirtæki og íbúar á Norðurlöndum hagnist á aukinni samræmingu byggingarreglna auk þess sem útgjöld samfélagsins minnki.

Auk helstu forgangsmálanna sem forsætisnefndin samþykkti í janúar vegna fjárhagsáætlunar ráðherranefndarinnar fyrir árið 2020 vill forsætisnefndin leggja fram tillögu til breytinga á tveimur sviðum enn sem nefndin telur pólitískt mikilvæg.



Annað varðar sýklalyfjaónæmi sem hefur verið í forgangi í norrænu samstarfi um langa hríð. Forsætisnefndin veitir því eftirtekt að fé hefur verið ráðstafað til áframhaldandi mótspyrnu við sýklalyfjaónæmi í fjárhagsáætluninni á sviði félags- og heilbrigðismála en vill jafnframt leggja áherslu á að norrænu aðgerðirnar gegn vaxandi sýklalyfjaónæmi verði áfram mjög áberandi í fjárhagsáætluninni.

Síðast en ekki síst vill forsætisnefndin að fjárhagsáætlunin skírskoti til framtíðarsýnarinnar sem forsætisráðherrarnir undirrituðu hinn 20. ágúst um að Norðurlönd verði sjálfbærasta svæði heims innan tíu ára. Forsætisnefndin vill að framtíðarsýnin fái verðugri sess í tillögu ráðherranefndarinnar að fjárhagsáætlun ársins 2020 og tengist henni betur. Þegar til lengri tíma er litið snýst þetta um hvernig framkvæmdaáætlanir verði unnar upp úr hinum stefnumótandi áherslum framtíðarsýnarinnar. Forsætisnefndin hlakkar til uppbyggjandi samræðna og náins samráðs um þetta milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs.

Stokkhólmi, þriðjudagur, 29. október 2019

*Aron Emilsson (SD)*

*Bertel Haarder (V)*

*Britt Lundberg (ÅC)*

*Christian Juhl (EL)*

*Erkki Tuomioja (sd)*

*Gunilla Carlsson (S)*

*Hans Wallmark (M)*

*Magnus Ek (C)*

*Martin Kolberg (A)*

*Michael Tetzschner (H)*

*Oddný G. Harðardóttir (Sf)*

*Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)*

*Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)*

*Torhild Bransdal (KrF)*

*Wille Rydman (saml)*